


Carbon Recycling International ehf.
Borgartúni 27
105 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 20. nóvember 2012
Tilvísun: UST20120700005/edk

Sjónarmið rekstraraðila móttakin - máli lokið

Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 28. ágúst 2012 þar sem áformað var að áminna Carbon Recycling International ehf. vegna fráviks er varðar meðhöndlun alkóhóls í frárennsli. Þann 12. september bárust stofnuninni sjónarmið rekstraraðila.

Samkvæmt grein 2.8 í starfsleyfi skal rekstraraðili gera bráðabirgðaráðstafanir til hreinsunar á frárennsli þar til endanleg hönnun á hreinsun liggur fyrir, en innan 6 mánaða frá því að framleiðsla hefst leggja fram tillögu að hreinsibúnaði og koma upp búnaði eigi síðar en ári eftir að framleiðsla hefst í stöðinni.

Í sjónarmiðum rekstraraðila kemur fram að verksmiðjan er enn í prufukeyrslu og þegar bréfið var ritað 12. september sl. hafði verksmiðjan aðeins verið í notkun í um þrjár vikur. Eiminarferli framleiðslunnar hafi því aldrei náð jafnvægi á þessum skamma vinnslutíma og því ekki vitað hver endanleg prósenta alkóhóla verði í frárennslinu þegar stöðugri framleiðslu hefur verið náð, og ekki sé hægt að hanna hreinsivirki fyrr en þær upplýsingar liggja fyrir. Fyrirtækið miðar við að styrkur alkóhóla í frárennsli fari ekki yfir 20 ppm og sem bráðabirgðaráðstöfun, til að tryggja að frárennslið sé undir áðurnefndum styrk, þá hefur mikið magn vatns, auk annars frárennslis, verið látið renna í borholuna með úrgangsvatni frá eimingu þann skamma tíma sem verksmiðjan hefur gengið. Er það áætlun fyrirtækisins að halda þessu verklagi áfram þar til endanlegur hreinsibúnaður er tilbúinn til notkunar.

Umhverfisstofnun ræddi hreinsun á frárennsli í reglubundnu eftirliti þann 25. október sl. og þá hafði verksmiðjan verið keyrð alls 76 daga, en aðeins 5 til 18 daga í hvert sinn. Fulltrúar Umhverfisstofnunar minntu þá rekstraraðila á ákv. 1.5 í starfsleyfi sem kveður á um að fyrirtækið tilkynni Umhverfisstofnun gangsetningu og stöðvun rekstrar, en fram til þess að sjónarmið rekstraraðila bárust þann 12. september sl. gerði Umhverfisstofnun ráð fyrir að verksmiðjan væri í stöðugum rekstri í samræmi við tilkynningar rekstraraðila þar að lútandi og ætti því að vera búin að senda tillögu að endanlegum hreinsibúnaði. Í ljósi upplýsinga um að verksmiðjan sé í raun ennþá í prufukeyrslu þá tekur Umhverfisstofnun skýringar rekstraraðila gildar og lítur ekki lengur svo á að um frávik sé að ræða þó tillaga að endanlegum hreinsibúnaði liggi ekki fyrir. Umhverfisstofnun mælist til þess að rekstraraðili tilkynni framvegis um gangsetningu og stöðvun rekstrar og mun fylgja eftir ákvæði 2.8 í starfsleyfi þegar 6 mánaða rekstrartíma hefur verið náð.

Umhverfisstofnun lítur svo á að eftirfylgnimáli sem hófst með áformum um áminningu þann 28. ágúst
sl. sé nú lokið. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis
verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 446/2012.

Virðingarfyllst

Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri

Kristján Geirsson
deildarstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurnesja